

49
20. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 53 frá 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, sé matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu ákveðið kr. 0.25. Vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafi, síðan lögín voru sett, beri nauðsyn til að hækka þetta gjald, ef það eigi að nægja til að standa straum af kostnaði við matið eins og til var ætlað. Þá verði og að telja eðlilegt, að sama gjald verði tekið af þeirri sild, sem metin er með frjálssu mati.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað „kr. 0.25“ í 3. gr. laganna komi: kr. 1.00.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á sild fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

50
5. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að eigi séu skýr ákvæði í lögum um það, hvernig stimpla beri svo nefnd ábyrgðartryggingarskirteini. Nú hafa innlend váttryggingarfélag byrjað sölu á almennum ábyrgðartryggingum og er því nauðsynlegt að setja um þetta skýr ákvæði.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða að ábyrgðartryggingarskirteini skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. ágúst 1953.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.**AUGLÝSING****um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Sovétríkjanna.**

Hinn 1. ágúst 1953 var undirritaður í Moskva viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Sovétríkjanna. Samningurinn tók gildi við undirskrift og gildir í 2 ár. Að þeim tíma liðnum gildir samningurinn áfram, unz annar hvor samningsaðila segir honum upp með 3 mánaða fyrirvara.

Jafnframt voru undirskrifaðir kaup- og sölusamningar við hlutaðeigandi verzlunarstofnanir í Moskva um eftirfarandi vörutegundir, í samræmi við ofanefndan viðskiptasamning:

Íslenzkar vörur:

Fryst fiskflök	21 000	smálestir
Saltsild (Suðurlandssild)	10 000	—
Fryst sild (Suðurlandssild)	3 000	—

Sovétvörur:

Hráolía	80 000	—
Gasolía	90 000	—
Benzín	30 000	—
Rúgmjöl	3 000	—
Hrisgrjón	360	—
Hveitiklið	2 100	—
Kartöflumjöl	300	—
Sement	50 000	—
Galvaniseruð rör	600	—
Svört rör	900	—
Steypustyrktarjárn	160	—

Auk framanritaðra vara, var gerður samningur um sölu á allt að 80 000 tunnum af saltaðri Norðurlandssild, er eigi fellur undir hinn almenna viðskipta- og greiðslusamning.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.***Bjarni Benediktsson.**Magnús V. Magnússon.